

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1996

19. nóvember 1996

1501

Nr. 589

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

1. gr.

Frá kl. 10.00 20. nóvember 1996 eru allar veiðar með rækjuvörpu bannaðar á svæði á Skjálfandadjúpi, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°34'N - 17°44'V
2. 66°34'N - 17°37'V
3. 66°30'N - 17°37'V
4. 66°30'N - 17°25'V
5. 66°15'N - 17°25'V
6. 66°12'N - 17°42'V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. nóvember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eypórsson.